

Reykjagarður hf.  
Fosshálsi 1  
110 Reykjavík

Reykjavík, 9. júní 2022  
UST202203-004/K.K.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 27. apríl 2022 – Reykjagarður að Jarlsstöðum**

Þann 27. Apríl 2022 fór fram eftirlit í Reykjagarði að Jarlsstöðum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Fimm ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en tvö frávik komu fram er varða:**

1. 40. gr. í lögum 7/98 um hollustuhætti og mengunarvarnir samanber 16. lið 5.gr. í reglugerð 935/2018 um BAT. *Rekstraraðili framkvæmir ekki mælingar eða útreikninga á losun frá starfseminni í samræmi við töflur 1.1; 1.2 og 3.2 í BAT niðurstöðum sem gilda fyrir starfsemina.*
2. 42. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. *Öruggar mengunar- og árekstrarvarnir skulu tryggðar við rekstur húsaveyma. Húsaveymar á svæðinu eru búnir ófullnægjandi árekstrarvörnum.*

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 1. júlí 2022.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer  
*Sérfræðingur*

Margrét Helga Guðmundsdóttir  
*Sérfræðingur*